

**ÁKVÖRDUN**  
**FLUGMÁLASTJÓRNAR ÍSLANDS nr. 1/2005**  
um lofthæfifyirmæli.

1. gr.

Umráðendur loftfara, skráðra á Íslandi, skulu fylgja lofthæfifyirmælum (Airworthiness Directives) frá því ríki/ríkjum sem loftfarið er hannað í (State of Design) og eða ríki/ríkjum sem gefa út tegundarskírteini (State of Type Certificate Holder). Þó ber að fylgja útgáfum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) þegar þær verða til. Vísað er til c-liðar 2 mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr. og 26. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 þessu til fulltingis.

2. gr.

Skráðir umráðendur loftfara skulu tryggja sér aðgengi að lofthæfifyirmælum frá viðkomandi hönnunarríki / ríkjum (State of Design) og eða ríki / ríkjum sem gefa út tegundarskírteini (State of Type Certificate Holder) og sjá til þess að þessum fyrirmælum sé framfylgt. Útgáfur Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) á lofthæfifyirmælum koma þó í stað framangreindra lofthæfifyirmæla eftir því sem þau verða til og gildir því reglan um aðgengi og framfylgni enn fremur um þau lofthæfifyirmæli.

Skráðum umráðanda loftfars er þó heimilt að semja svo við viðurkennda viðhaldsstöð, sem annast viðhald loftfarsins, að hún tryggi slíkt aðgengi og framfylgni þessara fyrirmæla og fullnægir skráður umráðandi þá skyldu sinni skv. 1. mgr.

Auk framangreinds vísast til reglugerðar um flutningaflug nr. 780/2001 með síðari breytingum og til gildandi ákvarðana Flugmálastjórnar Íslands um JAR-OPS 1, varðandi ábyrgð og skipulag þess hvernig framfylgja ber lofthæfifyirmælum.

3. gr.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún öðlast þegar gildi og kemur í stað ákvörðunar nr. 2/2000 sem fellur úr gildi.

Reykjavík, 4. febrúar 2005

**Porgeir Pálsson**  
flugmálastjóri.